

AUGLÝSING

um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 439, 15. maí 2007 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2006/2007 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

1. Gerðahreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda, að öðru leyti en því að byggðakvóta til fiskiskipa í Garði verður úthlutað hlutfallslega miðað við landaðan afla frá 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.

2. Stykkishólmsbær.

Byggðakvóta skal úthlutað til þeirra skipa sem aflahlutdeild í hörpuskel var bundin við þann 1. september 2006 og eru í eigu útgerða sem stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda að öðru leyti.

3. Tálknafjarðahreppur.

Byggðakvóta skal úthluta til fiskiskipa hlutfallslega og tekið mið af lönduðum afla til vinnslu á Tálknafirði 1. júlí 2006 til 30. júní 2007. Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda að öðru leyti.

4. Súðavíkurhreppur.

Við úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa gildir reglugerð nr. 439 frá 16. maí 2007 að undanskildum eftirfarandi breytingum:

- 1) Við úthlutun getur heildaraflamark einstakra fiskiskipa aukist meira en nemur 100% í þorskígildistönnum talið, miðað við úthlutun í upphafi fiskveiðisárs 2006/2007 en ekkert fiskiskip skal hljóta meira en 80 þorskígildislestir.
- 2) Eigendur fiskiskipa sem eru með fleiri en eitt fiskiskip í rekstri og fá úthlutað byggðakvóta er heimilt að færa veiðiskyldu yfir á annað fiskiskip, sé það sannanlega í eigu sama aðila, 1. maí 2007, og að uppfylltum öðrum skilyrðum samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007.
- 3) Áður en kemur til úthlutunar byggðakvóta á fiskiskip skal útgerðaraðili/vinnslustöð leggja fram gögn er sýna fram á að landaður afli, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr 439/2007 hafi sannanlega verið unninn í Súðavík.

Úthluta skal byggðakvóta á fiskiskip samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a) 127 þorskígildistönnum skal úthlutað á fiskiskip hlutfallslega með tilliti til úthlutaðra aflaheimilda í upphafi fiskveiðisársins 2006/2007.
- b) 69 þorskígildistönnum skal úthlutað hlutfallslega með tilliti til landaðs afla í Súðavík 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.
- c) 8 þorskígildistönn skulu skiptast í jafna hluti milli þeirra fiskiskipa sem fá úthlutað frá 0 til 1 þorskígildistönni samkvæmt a) og b) lið hér að framan og uppfylla önnur skilyrði samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007.

5. Árneshreppur.

Byggðakvóta skal skipta jafnt á milli fiskiskipa sem skráð voru í Árneshreppi 1. maí 2007, og uppfylla önnur skilyrði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007.

6. Kaldrananeshreppur.

Byggðakvóta skal úthlutað til fiskiskipa í hlutfalli við landaðan afla á Drangnesi frá 1. september 2006 til 31. mars 2007. Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda að öðru leyti.

7. Höfðahreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gildir með þeim undantekningum sem hér eru tilgreindar.

- 1) Skilyrði b-liðar 1. gr. reglugerðarinnar um að úthlutað skuli aflaheimildum til fiskiskipa sem séu skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. maí 2007, gildir ekki.
- 2) Við úthlutun byggðakvóta skal úthluta 50 tonnum til fiskiskipa með aflahlutdeild í innfjarðarækju í Húnaflóa á umsóknardegi og hins vegar 87 tonnum samkvæmt almennum ákvæðum reglugerðar nr. 439/2007.
- 3) Að teknu tilliti til skiptingu byggðakvóta milli útgerðaflokka, sbr. tölulið 2) hér að framan, skal aflaheimildum skipt jafnt á milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla önnur skilyrði reglugerðarinnar.
- 4) Byggðakvóta er heimilt að úthluta í þremur áföngum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 439/2007 og miðað skal við 30. ágúst 2007 í stað 1. ágúst 2007.

8. Dalvíkurbyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 439/2007 gilda að öðru leyti en því að fiskiskipum skráðum á Árskógssandi er skylt að landa afla sínum til vinnslu í sínu sveitarfélagi, þ.e. á Dalvík eða á Hauganesi, þar sem fiskvinnsla er til staðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. júní 2007.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Hinrik Greipsson.